

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **19-084F022**

Dags: **9. júlí 2019**

Staður: **Stavanger**

Lýsing: **TF-FIK Slökkt á hreyfli, snúið af leið og lent í Stavanger**

TF-FIK var í farþegaflugi á leið frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Eftir um það bil 50 mínútna flug var flugvélin í fluglagi 380 og varð áhöfnin vör við að olímagn og olíuprýstingur á vinstri hreyfli hafði lækkað. Áhöfnin fór eftir gátlista og slökkti á hreyflinum, óskaði eftir að lækka flugið og ákvað að lenda í Stavanger í Noregi.

Á leið inn til landingar reyndi áhöfnin árangurslaust að ræsa aukastöðina (APU) og lýsti áhöfnin því yfir neyðarástandi. Aðflug og landing á flugvellið í Stavanger tókst vel og lenti flugvélin þar um það bil 20 mínútum eftir að slökkt hafði verið á hreyflinum.

Við rannsóknina kom í ljós að keflalega á efra drifskafti hreyfilsins hafði gefið sig og valdið olíuleka ásamt lækkun á olíuprýstingi. Fyrirliggjandi var þjónustutilkynning¹ frá hreyfilframleiðanda um úrbætur og var mælt með að úrbætur yrðu framkvæmdar við granskoðun á hreyfli en þó einnig með möguleika á að framkvæma það í viðhaldi þegar hreyfill væri á



Mynd 1 Á myndinni má sjá að keflalega hafði gefið sig

¹ Rolls Royce Service Bulletin 72-G290

flugvél. Þessi hreyfill hafði ekki farið í grannskoðun en var það gert í kjölfar atviksins.

Við rannsóknina kom einnig fram að bilun var að finna í tengi við ræsi á aukastöðinni (APU). Samkvæmt flugrekanda var þetta einstakt tilfelli og ekki að finna bæði fyrir og eftir atvikið.

Við rannsóknina kom einnig fram að TF-FIK var upphaflega útbúin miðað við 60 mínútna reglu (Non ETOPS) til næsta flugvallar en hafði fengið sérstaka heimild (STC) fyrir 120 mínútur með sama búnaði (ETOPS), samþykkt af EASA og SGS.

Þá gerir EASA ráð fyrir að eftirlit með spennugjöfum sé miðað við fjölda flugtíma sem flogið er eða eftir fjölda daga. Flugrekandinn hafði hinsvegar eftirlit með spennugjöfunum eftir ástandi þeirra.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa í Noregi ákvað að taka atvikið ekki til rannsóknar og lokaði RNSA málinu með bókun á nefndarfundi þann 7. desember 2023.